# Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags í landi Úlfljótsvatns í Grafningshreppi í Árnessýslu





Bjarni F. Einarsson


2005

Forsíðumyndin sýnir afstöðu einstakra rústa við meintan fornbæ sem fannst á Skógarnefi, skammt norður af Fossá. Fleiri rústir eru líklega á svæðinu, en vegna skógarins er ekki hægt að skera úr um það í bili (vetrarskoðun gæti leitt fleiri rústir í ljós). Teikn. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur
September 2005

### *1 Inngangur*

Að beiðni Línuhönnunar hf, fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur, kannaði Fornleifafræðistofan fyrirhugað sumarbústaðaland í landi Ölfusvatns í Grafningshreppi, Árnessýslu, vegna vinnu að aðal- og deiliskipulagi svæðisins. Í fyrsta áfanga (aðalskráning vegna aðalskipulags, sjá Bjarni F. Einarsson 2005) var nær allt svæðið kannað á vettvangi með tilliti til þeirra fornleifa sem heimildir geta um (sjá mynd 1 og 2). Voru allar fornleifar GPS mældar og þær merktar inn á loftmynd. Fyrir lá skýrsla um allar fornleifar sem heimildir eru um, en þær voru ekki staðsettar á kort og ekki GPS mældar. Um var að ræða svæðisskráningu (Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson 1997).

Að lokinni aðalskráningu var hafist handa við deiliskráningu, en þá voru fornleifar m.a. teiknaðar, ljósmyndaðar, metnar, þeim lýst sbr. fornleifaskránna. Að auki var fornleifa leitað á öllu svæðinu með því að ganga það og kanna á vettvangi. Niðurstaða þessarar síðari skráningar er efni þessarar skýrslu.

Ein breyting hefur verið gerð á númerum fornleifa frá aðalskráningu, en hún er að fornleifar við Úlfljótsvatn eru færðar undir aðalnúmerið 70:1-9, en ekki 3:1-9.

Sérstaklega skal tekið fram að syðsta svæðið í landi Úlfljótsvatns, tungan sem gengur til suðurs frá Selflötum, var ekki könnuð ítarlega né skráð til fulls. Þar var aðeins gerð aðalskráning að beiðni verkkaupa, en deiliskráning látin bíða síns tíma. Þrjár fornleifar voru skráðar á þessu svæði og engin þeirra færð inn á loftmynd. Verður það að bíða þess að svæðið fari í deiliskipulag. Ein af þessum fornleifum, landamerkjavarða sem nefnist Efjumýrarvarða fannst ekki þrátt fyrir leit. Trúlega er hún samt á svæðinu og verður væntanlega nákvæmlega staðsett þegar og ef deiliskipulagið á svæðinu fer í gang.

Vettvangsvinna deiliskráningarinnar fór fram í september 2005. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar. Hvert sveitarfélag hefur eigið númerakerfi frá 1 – n. Byrjað var á næsta lausa númeri í gagnagrunni Fornleifafræðistofunnar. Aðeins þrjár fornleifar höfðu áður verið skráðar (aðalskráning) í Grafningshreppi, en það voru minjar þriggja selstaða, rústir selstöðunnar á Selflötum, Villingavatnssels og ónefnt sel í landi Stóra Háls. Allar þessar minjar voru skráðar í sambandi við mat á umhverfisáhrifum Búrfellslínu 3A (Bjarni F. Einarsson 1997).




Mynd 1. Yfirlit yfir staðsetningu allra hinna skráðu fornleifa í landi Úlfljótsvatns. Á myndina vantar syðsta hluta jarðarinnar og staðsetningu þriggja fornleifa sem þar eru. Hvít lína sýnir svæðið sem deiliskráð var. (Ljósm. Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE).

Í tengslum við aðalskráninguna var farið í gegnum nokkrar heimildir, svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Örnefnaskrá, Árbók Hins íslenska fornleifafélags, og Friðlýsingarskrá. Þessar heimildir voru skoðaðar á ný eftir efnum og ástæðum.

Fulltrúi verkkaupa var Hafsteinn Helgason hjá Línuhönnun hf. Ýmsar gagnlegar upplýsingar veittu ábúendur á Úlfljótsvatni og Villingavatni. Kann ég þessum aðilum bestu þakkir fyrir ánægjuleg samskipti.




Mynd 2. Staðsetning fornleifa nr. 70:1-9 og nokkura til. (Ljósmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE).

| Nr. | Teg. | Fj. | Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Varðv.gildi | Minjagildi | Mótv.aðgerðir[1] |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2:1-2** | Selstaða | 3 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Hátt | Hátt | Rannsókn |
| 2:1 | Sel og rúst | 2 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Hátt | Hátt | Rannsókn |
| 2:2 | Rúst | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert | Talsvert | Rannsókn |
| **4:1** | Rúst (eyðibýli?) | 1 | Ábúð | Talsverð | Sléttað | 1550-1990 | Talsvert | Talsvert | Rannsókn |
| **5:1** | Rúst (eyðibýli?) | 1 | Ábúð | Talsverð | Sléttað | 1550-1900 | Talsvert | Talsvert | Rannsókn |
| **6:1** | Rúst (eyðibýli?) | 1 | Ábúð | Talsverð | Sléttað | 1550-1900 | Talsvert | Talsvert | Rannsókn |
| **7:1** | Fornleið | 1 | Vegagerð | Talsverð | Lélegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | GPS mæling |
| **8:1** | Fornleið | 1 | Ábúð | Talsverð | Lélegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | GPS mæling |
| **9:1** | Fornleið | 1 | Ábúð | Talsverð | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | GPS mæling |
| **10:1** | Fjárborg | 1 | Raflína | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert | Talsvert | Rannsókn |
| **11:1** | Stekkur | 1 | Horfinn | - | - | - - | - | - | |
| **12:1** | Ferjustaður | 1 | Efnistaka | Mikil | Lélegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Engar |
| **13:1** | Fornleið | 1 | Ábúð | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | GPS mæling |
| **14:1** | St. tengdur þjóðtrú | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Engar |
| **15:1** | Eyktarmark | 1 | Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | Talsvert | Lítið | Prufuhola |
| **16:1** | Rúst? | 1 | Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | Talsvert | Talsvert | Prufuhola |
| **17:1** | Garður | 1 | Landeyðing | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Snið |
| **18:1** | St. tengdur þjóðtrú | 1 | Landeyðing | Mikil | Lélegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Engar |
| **19:1** | St. tengdur þjóðtrú | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Prufuholur |
| **20:1** | Rúst | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Talsvert | Rannsókn |
| **21:1** | Rústir | 2 | Vatnsrof | Talsverð | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert | Talsvert | Rannsókn |
| **22:1** | Rúst | 1 | Vatnsrof | Talsverð | Ágætt | 1550-1900 | Talsverð | Talsverð | Rannsókn |
| **23:1** | Fjárskjól | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert | Lítið | Rannsókn |
| **24:1** | Mógrafir | X | Vatnsrof | Mikil | - | 1550-1900 | Ekkert | Lítið | Engar |
| **25:1** | Refagildra og varða | 1 | Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Rannsókn |
| **26:1** | Landamerkjasteinn | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert | Lítið | Engar |
| **27:1** | Kolagrafir | X | Vegagerð | Talsverð | - | 1550-1900 | Ekkert | Lítið | Engar |
| **28:1** | Landamerkjagarður | 1 | Skepnur | Talsverð | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Snið |
| **29:1** | Áveitugarður | 1 | Skepnur | Talsverð | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Snið |
| **30:1** | Áveitugarður | 1 | Skepnur | Talsverð | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Snið |
| **31:1** | Rúst? | 1 | Ekkert | Ekkert | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert | Talsvert | Prufuholur |
| **32:1** | Rúst | 1 | Landeyðing | Lítil | Lélegt | 1550-1900 | Talsvert | Talsvert | Rannsókn |
| **33:1** | Eyktarmark | 1 | Ábúð | Talsverð | Lélegt | 1550-1900 | Talsvert | Lítið | Prufuhola |
| **34:1** | Rúst | 1 | Horfin | - | - | - | Ekkert | Ekkert | Engar |
| **35:1** | Rúst | 1 | Horfin | - | - | - | Ekkert | Ekkert | Engar |
| **36:1** | Fjárhús | 1 | Skógrækt | Talsverð | Ágætt | 1550-1900 | Talvert | Talsvert | Rannsókn |
| **37:1** | Fornleið | 1 | Umferð | Litil | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | GPS mæling |
| **38:1** | Rústir | X | Fundust ekki | - | - | - | - | - | Framkv.eftirlit |
| **39:1** | Stekkir | X | Fundust ekki | - | - | - | - | - | Framkv. eftirlit |
| **40:1** | Ferjustaður | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Engar |
| **41:1** | Rústir | X | Fundust ekki | - | - | - | - | - | Framkv. eftirlit |
| **42:1** | Rústir | 2-3 | Fundust ekki | - | - | - | - | - | Framkv. eftirlit |
| **43:1** | Fornleið | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | GPS mæling |
| **44:1** | Fornleið | 1 | Vegagerð | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | GPS mæling |
| **45:1** | Rúst | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Snið og pruf. |
| **46:1** | Rúst | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Prufuholur |
| **47:1** | Ferjustaður | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Litið | Engar |
| **48:1** | Ferjustaður | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Engar |
| **49:1** | Fjárskjól m m. | 1 | Hrun | Talsverð | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Prufuholur |
| **50:1** | St. tengdur þjóðtrú | 3 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Prufuholur |
| **51:1** | Fjárskjól | 1 | Hrun | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Prufuholur |

[1] Þegar mótvægisaðgerðir eru metnar er gengið út frá því að ekki sé hægt að tryggja öryggi fornleifanna.

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **52:1** | Fjárskjól | 1 | Hrun | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Prufuholur |
| **53:1** | Rúst | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert | Talsvert | Rannsókn |
| **54:1-3** | Rústir | 3 | Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | Talsvert | Talsvert | Rannsókn |
| 54:1 | Fjárhús | 1 | Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Prufuholur |
| 54:2 | Rúst | 1 | Ekkerrt | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert | Talsvert | Prufuholur |
| 54:3 | Varða | 1 | Ekkert | Engin | Lélegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Ljósm. o.fl. |
| **55:1** | Rúst | 1 | Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | Talvert | Talsvert | Rannsókn |
| **56:1** | Uppsátur | 1 | Byggingar | Mikil | - | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Engar |
| **57:1** | St. tengdur þjóðtrú | 1 | Ekkert | Engin | - | 1550-1900 | Ekkert | Ekkert | Engar |
| **58:1** | Fornleið | 1 | Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Litið | GPS mæling |
| **59:1** | Landamerkjavarða | 1 | Fannst ekki | - | - | 1550-1900 | - | - | Leita betur |
| **60:1** | Rúst | 1 | Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | Talsvert | Talsvert | Rannsókn |
| **61:1** | Rúst | 1 | Ekkert | Engin | Lélegt | 1900- | Ekkert | Lítið | Teikn. |
| **62:1** | Fornleið | 1 | Ábúð | Mikil | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | GPS mæling |
| **63:1** | Rúst | 1 | Ekkert | Ekkert | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Litið | Prufuholur |
| **64:1** | Vörður | 2 | Ábúð | Lítil | Lélegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Ljósm. o.fl. |
| **65:1-3** | Eyðibýli | 3 | Skógur | Lítil | Ágætt | -1550 | Hátt | Hátt | Rannsókn |
| 65:1 | Rúst | 1 | Skógur | Lítil | Ágætt | -1550 | Hátt | Hátt | Rannsókn |
| 65:2 | Skáli | 1 | Skógur | Lítil | Ágætt | -1550 | Hátt | Hátt | Rannsókn |
| 65:3 | Rúst | 1 | Skógur | Lítil | Ágætt | -1550 | Hátt | Hátt | Rannsókn |
| **66:1** | Varða | 1 | Ekkert | Engin | Lélegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Ljósm. o.fl. |
| **67:1** | Varða | 1 | Ekkert | Engin | Lélegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Ljósm. o.fl. |
| **68:1** | Varða | 1 | Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Litið | Ljósm. o.fl. |
| **69:1** | Byrgi | 1 | Ekkert | Ekkert | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Prufuholur |
| **70:1-9** | Búsetuminjar | 9 | Ábúð | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | Talvert | Talsvert | Rannsókn |
| 70:1 | Bæjarstæði | 1 | Ábúð | Lítil | Sléttað | 1550-1900 | Talsvert | Talsvert | Rannsókn |
| 70:2 | Rúst | 1 | Horfin | - | - | - | Ekkert | Ekkert | Engar |
| 70:3 | Vatnsból | 1 | Vatn | Mikil | - | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Engar |
| 70:4 | Vatnsból | 1 | Vatn | Talsverð | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Engar |
| 70:5 | St. tengdur þjóðtrú | 1 | Ábúð | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Engar |
| 70:6 | Rúst | 1 | Horfin | - | - | - | Ekkert | Ekkert | Engar |
| 70:7 | Rúst | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Prufuholur |
| 70:8 | St. tengdur þjóðtrú | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Lítið | Lítið | Engar |
| 70:9 | Blótsteinn | 1 | Horfinn | - | - | - | Ekkert | Ekkert | Engar |
| ***68 staðir*** | | ***>93 fornleifar*** | | | | | | | |

Tafla 1. Hinar skráðu fornleifar í landi Úlfljótsvatns. Nánari upplýsingar í fornleifaskrá. Ekki hefur verið tekið tillit til hættunnar á raski vegna sumarbústaðalóða þar sem nákvæm staðsetning þeirra liggur ekki fyrir. Athygli skal vakin á því að aðalblað fornleifa nr. 70:1-9 hefur ekki verið gert. Ástæðan er sú að bærinn er ekki kominn í eyði. Af þeim sökum er kirkjugarðurinn ekki skráður sem fornleifar því yngstu grafirnar þar eru frá 1965 og 1968.

## *2 Skráningin*

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar, en bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum (Þjóðminjalög 2001).




Mynd 3. Varðveislugildi einstakra staða sem skráðir voru. Þrír staðir eru neðan (sunnan) við myndina. Ljósmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE.

| | |
|---|---|
| Ýmsar rústir | >24 |
| Götur, þjóð- eða fornleiðir | 9 |
| Staðir tengdir þjóðtrú | 7 |
| Vörður | 7 |
| Ferjustaðir | 4 |
| Fjárskjól | 4 |
| Rústir við sel | 3 |
| Eyðibýli | 3 |
| Landamerkjagarðar | 2 |
| Áveitugarðar | 2 |
| Eyktarmörk | 2 |
| Fjárhús | 2 |
| Stekkur | >1 |
| Landamerkjasteinn | 1 |
| Landamerkjavarða | 1 |
| Refagildra | 1 |
| Garður | 1 |
| Uppsátur | 1 |
| Byrgi | 1 |
| Bæjarstæði | 1 |
| Blótsteinn | 1 |
| Skáli | 1 |
| Fjárborg | 1 |
| Mógrafir | X |
| Kolagrafir | X |

Tafla 2. Gróf skipting fornleifa eftir tegundum. Bent skal á að heitið rúst er samheiti og hér aðeins notað yfir rústir sem ekki er hægt að tegundagreina með vissu.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Samtals fundust á hinu kannaða svæði 68 staðir með fleiri en 93 fornleifum. 13 staðanna geymdi tvær eða fleiri rústir eða fornleifar. Fjórir af þessum 13 stöðum fundust ekki, en um þá eru til heimildir sem segja að á þeim hafi verið fleiri en tvær fornleifar. Aðrir staðir geymdu aðeins einar fornleifar og sumir þeirra horfnir.

Í þessari skráningu er gengið út frá því að öllum fornleifum verði hlíft í skipulaginu og hættumatið sem fornleifunum hótar sé annað en hin fyrirhugaða sumarbústaðabyggð. Ástæðan er sú að nákvæm staðsetning

sumarbústaða og annar manvirkja tengdum þeim liggur ekki fyrir og ekki heldur samgöngumannvirkja.

Verði ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna eða komast hjá raski á þeim þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til þess og hlýta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.




Mynd 4. Varðveislugildi fornleifa við Úlfljótsvatnsbæinn og næsta nágrenni. Sjá skýringar á mynd 3. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE).

Í ágætu ástandi voru 33 fornleifar, 21 voru taldar í sæmilegu ástandi og tólf voru í lélegu ástandi. Þrjár fornleifar voru sléttaðar sem þýðir að undir grasrótinni getur mikið af minjum geymst þó efstu og yngstu minjarnar kunni að hafa skaddast við sléttunina. Fimm fornleifar voru horfnar og aðrar fornleifar voru ekki metnar, t.d. vegna þess að þær fundust ekki.

Fimm fornleifar á fimm stöðum voru taldar í mikilli hættu vegna þátta eins og efnistöku, landeyðingar, vatns, og ábúðar/bygginga. Þar að auki voru óviss fjöldi mógrafa sem voru í mikilli hættu vegna vatnsrofs enda komnar á kaf í vatnið.

16 fornleifar á 15 stöðum voru taldar í talsverðri hættu vegna þátta eins og ábúðar, vatnsrofs, skepna, skógræktar og hruns. Að auki var óviss fjöldi kolagrafa sem var í talsverðri hættu vegna vegagerðar. Ekki fannst ein einasta kolagröf á staðnum og hættan trúlega yfirstaðin.

Í lítilli hættu eru 15 fornleifar á 11 stöðum. Hættumatið stafaði af ábúð, landeyðingu, umferð, vegagerð, hruni (úr bergi), og skógar. Aðrar fornleifar

voru ekki í neinni hættu eða hættan ekki metin af sömu ástæðum og áður hefur komið fram.

Allar minjarnar voru taldar vera frá tímabilinu 1550 – 1900 nema fleiri en 15 fornleifar á 12 stöðum. Fleiri en 12 fornleifar á sex stöðum voru ekki metnar, annaðhvort vegna þess að þær voru horfnar eða þær fundust ekki. Þrjár fornleifar á einum stað voru taldar eldri en 1550 og einar voru taldar yngri en 1900. Sá staður sem talinn er vera eldri en 1550 er meint eyðibýli frá fyrstu öldum byggðar í landinu. Gæti hann verið frá 9. – 10. öld.

Tveir staðir eru taldir hafa hátt minjagildi. Þeir eru einnig taldir hafa hátt varðveislugildi. Eru það leifar meints eyðibýlis sem ekkert nafn hefur enn (nr. 65:1-3) og seljarústirnar á Selflötum (nr. 2:1-2) Þar eru tvennar rústir og hefur önnur þeirra hátt minja- og varðveislugildi en hin talsvert.

Er það skoðun höfundar að rústirnar á Selflötum geti vel hafa verið hjáleiga á einhverjum tíma, þó haft hafi verið í seli á staðnum áður og/eða síðar eins og oft var við Selstöður. Hugsanlega hefur hjáleigan verið reist ofan á seljarústum.

Vel getur verið að hjáleigan sé frá fyrri hluta 18. aldar. Hefur hún ekki ratað inn í heimildir sem bendir til þess að þar hafi verið búið stutt, jafnvel aðeins nokkur ár eða áratugi. Getur jafnvel hugsast að það hafi verið byggt einmitt þau ár þegar manntöl voru ekki gerð eins og t.d. á tímabilinu 1703 – 1801 og 1801 – 1816.

Einn stað þykir ástæða til að friðlýsa og það eru meintar minjar fornbýlisins nr. 65:1-3.

Bent skal á að á svæðinu í kring um hið meinta fornbýli, og reyndar víðar á svæðinu suðaustarlega, er all þéttur skógur. Í skóglendi af þessu tagi er afar erfitt að finna fornleifar, sérstaklega þær sem lagað hafa sig að umhverfinu og við það að hverfa.




Mynd 5. Teikning af meintum seljarústum (nr. 2:1) á Selflötum. Þær gætu hafa verið kotbýli á einhverju stigi málsins Hugsanlega hafa aðaldyr verið inn í herbergi A og/eða B. (Teikn. BFE).

Skv. 12 gr. þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins

viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. gr. laganna að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt sem unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. gr. laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngripir) finnast í jörðu (þjóðminjalög 2001). Með þessari skýrslu er þessum skyldum fullnægt.

## *3 Helstu fornleifar*

### *3.1 Fornleifar nr. 2:1-2.*

Fornleifarnar eru taldar leifar af seli frá Úlfljótsvatni sem var lagt af um 1800 (Örnefnaskrá). Umfang rústanna bendir til þess að þarna hafi verið eitthvað meira en selstaða, þó hún hafi verið þar á einhverjum tímapunkti á undan eða eftir nema hvort tveggja hafi verið. Algengt var að selstöður yrðu




Mynd 6. Túnakort Úlfljótsvatns frá 1918. Hjáleigan gæti hafa staðið rétt ofan við húsið lengst t.v. Gata svo rétt utan við hornið á túngarðinum fyrir ofan hjáleiguna. Kofragerði gæti hafa staðið við hornið á túninu rétt austur (hægri) af húsinu lengst til vinstri. Núverandi bær stendur á miðju túni, rétt austur af húsunum tveim. (Túnakort 1918. Breytingar BFE).

hjáleigur og öfugt. Selstaðan á Selflötum gat hafa verið í fastri ábúð í stuttan tíma, eða nægjanlega til að lenda ekki í manntölum eða jarðabókum. Rústirnar eru á krossgötum þar sem leiðin frá Úlfljótsvatni að Ingveldarseli[2] lá (fornleifar nr. 43) og leiðin frá Villingavatni lá suður á heiðarnar (fornleifar nr. 44/58).

*3.2 Fornleifar nr. 4 – 6.*

Þessar þrjár fornleifar eru allar leifar kotbýli í næsta nágrenni við Úlfljótsvatnsbæinn. Kotin voru: Úlfljótsvatnshjá-leiga, Kothús/Gata og Kofragerði.

Um Úlfljótsvatnshjá-leigu segir svo í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: „*Úlfljótsvatns-hjáleiga. Gömul fremur en menn minnast.*“ (1918-1921:383). Samkvæmt þessu ætti kotið að hafa byggst eigi síðar en um 1650 eða þar um bil. Kotsins er einnig getið í Sýslu- og sóknarlýsingu frá 1840. Þar segir: „*… Úlfljótsvatnskot í túninu á Úlfljótsvatni, var byggt í manna minnum.*“ (1979:186). Af þessu mætti ráða að kotið (með þessum tveimur útgáfum af nafni) hafi farið í eyði í kringum 1800.

Um Kothús/Götu segir svo í Örnefnaskrá: „*Kottún (Hjáleigutún) heitir syðsti hluti Framtúnsins. Fjárhús eru nú, þar sem kotið var, og eru þau kölluð Kothúsin.*“ Um Götu segir að þau hafi staðið nokkru lengra frá vatninu en Kofragerði og þær tóftir hafi verið sléttaðar. Ég geri ráð fyrir því að hér sé um sama stað og nefndist Kottún, Hjáleigutún og Kothús síðar. Gamla gatan liggur þarna nærri. Götu er getið í Jarðabók Árna og Páls. Þar segir: „*Gata. Önnur hjáleiga, bygð nú fyrst í næstu fardögum, þar sem aldrei hafði fyr býli verið.*“ (1918-1921:383). Samkvæmt þessu er hér nýbýli frá því um 1700.

Um Kofragerði segir svo í Örnefnaskrá: „*Kofragerði heita ógreinilegar tóftarleifar niður á vatnsbakkanum, neðst á Framtúninu.*“

Staðsetning þessara kota er ekki örugg. Öll hafa þau verið sléttuð og jafnuð út í seinni tíð. Tvö þeirra voru innantúns, en eitt þeirra (nr. 5) var sennilega utantúns.

Yfirsléttun þarf ekki að þýða að minjarnar séu horfnar. Oft hurfu aðeins yngstu kynslóðirnar af byggingunum, en þær elstu ekki. Því eru líkur á því að þar sem býlin stóðu séu geymdar mikilvægar upplýsingar um búskaparhætti fyrri alda. Heppilegt væri að fá úr því skorið hvar minjar þessara kota standa.

---

[2] Selið var einnig frá Úlfljótsvatni (Örnefnaskrá). Þar eru býsna „gamlar“ rústir.Trúlega hefur þessi leið svo legið áfram til vesturs í svokölluð Botnasel og Villingavatnssel.

*3.3 Fornleifar nr. 21 – 24.*

Þessar fornleifar tengjast allar fjárbúskap og nýtingu bænda á góðum beitilöndum í nágrenni bæja sinna. Hér er um fjárskjól eða ból í skúta að ræða og trúlega beitarhús í Borgarvíkinni. Auk þess eru mógrafir á svæðinu sem þó eru komnar á kaf í vatn. Svæðið er einkar fallegt og ósnortið. Minjarnar mynda ákveðna heild.



Mynd 7. Borgarvíkurhellir í Borgarvíkurdal (fornleifar nr. 23). Við þennan klett var hellirinn eða fjárskjólið. Munninn er neðst á klettinum t.h. (Horft til NV. Ljósm. BFE).

*3.4 Fornleifar nr.53 - 55.*

Þessar fornleifar mynda einnig ákveðna heild rústa sem allar tengjast beitilöndum, í þessu tilfelli trúlega Hagavíkinni og næsta nágrenni. Þar eru fjárborgir, fjárhús og hlaða.

*3.5 Fornleifar nr. 65:1-3.*

Ekki þarf að koma á óvart að merkilegustu fornleifarnar eru minjarnar um meint fornbýli á Skógarnefinu. Þær eru skammt norður af Fossánni þar sem hún kemur ofan af fjallinu niður í Dælurnar. Þó aðeins hafi fundist þrjár rústir á staðnum er ekki hægt að útiloka að þær séu fleiri. Þéttur skógurinn kom í veg fyrir að þessu yrði



Mynd 8. Einar dyr á fornleifum nr. 54:2. Efst í dyrunum sést í utanverða Hagavíkina. (Horft til NA. Ljósm. BFE).

svarað til fulls. Ekki á ég þó von á því að þær séu mikið fleiri, kannski ein eða tvær. Sé um fornbýli að ræða gæti rúst 1 verið fjósið, rúst 2 skálinn og rúst 3 smiðjan. Þetta eru þau mannvirki sem lengst ættu að standa. Ég get mér þess til að aldursgreina megi þessi mannvirki til 9. – 10. aldar.

*3.6 Fornleifar nr. 70:1*

Gamla bæjarstæði Úlfljótsvatns stóð rétt suður af kirkjunni (sbr. mynd 6, túnakortið). Þar var sléttað í seinni tíð, en eins og fram kom í kafla 3.2 nær sú sléttun yfirleitt ekki djúpt. Því má reikna með því að undir grassverðinum og bíla-stæðinu sé að finna minjar frá miðöldum, en bæjarins (kirkjunnar) er fyrst getið á fyrri hluta 13. aldar (Ísl. fornbréfasafn. I. bindi. 1857-76:409) og aftur árið 1397 (Sama 1897:93). Þá á kirkjan Villingavatn.




Mynd 9. Hið meinta fornbýli á Skógarnefi, fornleifar nr. 65:1-3. (Teikn. BFE).

## *4 Mótvægisaðgerðir*

Eins og fram kemur í öðrum kafla þá var ekki gengið út frá því að hin fyrirhugaða sumarhúsabyggð ógnaði tilvist fornleifa. En ef ekki er hægt að tryggja öryggi einstakra fornleifa er það sérstaklega tekið fram í athugasemdum í fornleifaskránni hverjar mótvægisaðgerðir undirritaður telur nauðsynlegar. Þær geta verið allt frá því að ljósmynda frekar og kanna botn varða (áður en þær verða numdar á brott), að GPS mæla nákvæmlega fornleiðirnar (áður en þeim verði raskað af byggingum, vegum eða öðru), að grafa prufuholur til að staðfesta tilvist fornleifa og ákveða síðar nánari mótvægisaðgerðir og til eiginlegra rannsókna. Slíkar rannsóknir geta verið allt frá einföldum leitarskurðum að fullnaðarrannsókn fornleifa. Í lang flestum tilfellum væri um mjög litlar aðgerðir að ræða verði ekki hægt að tryggja öryggi minjanna og er það hlutverk Fornleifaverndar ríkisins að

ákvarða nánar um það og setja þá skilmála sem embættið kann að þykja nauðsynlegir.

Þær fornleifar sem mestra aðgerða þurfa við eru þær sem raktar eru í þriðja kafla, þó ekki jafn miklar í öllum tilfellum.



Mynd 10. Horft yfir Skógarnefið. Fossá er í forgrunni og skátaskáli t.h. Hið meinta fornbýli er u.þ.b. uppi á hálsinum (Skógarnefinu) beint fyrir ofan heyrúlluna. (Horft til NNV. Ljósm. BFE.

Mæli ég með því að byggðinni verði haldið frá þessum stöðum sé það hægt. Sérstaklega mæli ég með því að engin sumarhúsabyggð verði skipulögð á Skógarnefinu þar sem hinar meintu landnámsminjar eru. Tel ég að 20 m reglan tryggi ekki öryggi þessara rústa. Mæli ég með því að byggðin verði ekki sett upp fyrir láglendið við Skógarnefnið og nái ekki nær en 100 m frá rústunum.

### *5 Niðurstaða*

Við fornleifaskráningu á svæði því sem deiliskipulagið nær yfir í landi Úlfljótsvatns í Grafningi fundust fleiri en 93 fornleifar á 68 stöðum. Minjar frá ýmsum tímum fundust, þó hér sé aðeins stuðst við þrjár aldursgreininga, fyrir 1550, 1550 – 1900 og eftir 1900. Elstu minjarnar eru vafalítið frá fyrstu áratugum byggðar í landinu og þær yngstu frá byrjun 20. aldar.

Fornleifarnar eru af ýmsum toga, þó segja megi að aðallega sé um tvo hópa að ræða, annarsvegar minjar um búskap (eyðibýli, fjárhús o.s.frv.) og hins vegar samgönguminjar (fornleiðir og ferjustaðir).

Í mikilli hættu vegna deiliskipulagsins eru engar fornleifar taldar í hættu að svo komnu máli sökum þess að nákvæm staðsetning lóða, mannvirkja og samgöngumannvirkja liggja ekki fyrir.

Í mikill hættu af öðrum ástæðum en sumarbústaðaframkvæmdir eru fimm fornleifar á jafn mörgum stöðum. Stafar hættan m.a. af efnistöku, landeyðingu, vatni og ábúð.

16 fornleifar á 15 stöðum voru í talsverðri hættu af sömu ástæðum. Aðrar fornleifar voru í lítilli hættu eða engri hættu.

Lagt er til að öllum framkvæmdum á Skógarnefi verði sleppt vegna hins meinta fornbýlis sem þar er. Eins er varað við framkvæmdum í nágrenni Borgarvíkur, Hagavíkur og innan túns á Úlfljótsvatni. Að öðru leyti er vísað í fornleifaskrá.

Allt rask á fornleifum varðar við þjóðminjalög og þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að gera það. Hún setur einnig þá skilmála sem henni þykir ástæða til.

Varast ber að hafa vinnuskúra, efnisgeymslur, vegarslóða eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga ber akstri vinnuvéla með tilliti til þeirra.

## *6 Heimildir*


Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson. *Menningarminjar í Hengli og Grafningi norðan Úlfljótsvatns*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 1997.

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifakönnun á línustæði Búrfellslínu 3A*. Vegna mats á umhverfisáhrifum. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 1997.

Sami. *Aðalskráning fornleifa vegna aðalskipulags í landi Úlfljótsvatns í Grafningshreppi í Árnessýslu*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2005.

Björn Bjarnason. *Sagnakver II*. Ísafirði 1903.

*Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

*Frásögur um fornaldarleifar 1817 – 1823*. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík 1983.

*Íslenskt fornbréfasafn*. Fyrsta bindi. Kaupmannahöfn 1857-76.

*Íslenskt fornbréfasafn*. Fjórða bindi. Kaupmannahöfn 1897.

*Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur VII*. Safnað hefir Guðni Jónsson. Reykjavík 1948.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Annað bindi. Kaupmannahöfn 1918-1921.

Kristian Kålund. *Íslenskir sögustaðir*. Sunnlendinga-fjórðungur. Reykjavík 1984.

Sigurður Vigfússon. „Rannsókn á hinum forna alþingisstað Íslendinga, og fleira, sem þar að lýtr.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1880-1881*. Reykjavík 1881.

*Sunnlenskar byggðir III*0. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík 1983.

*Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags.* Árnessýsla. Reykjavík 1979.

Túnakort 1918. Úlfljótsvatn. Handrit. Þjóðskjalasafn Íslands.

Valdimar Briem. „Æfisaga Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1915*. Reykjavík 1916, bls. 1-9.

*Þjóðminjalög* nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.

Örnefnaskrá Úlfljótsvatn. Handrit 1944. Örnefnastofnun.


# Fornleifaskrá

Grafningshreppur nr. 2 og 4 - 70

# Fornleifaskrá Úlfljótsvatns í Grafningi

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Grafningshreppur | 8715 | 2 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Úlfljótsvatn | | Selflatir | 1 |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|---|
| | N 64°04.534 W 021°05.045 | WGS 84 | | 5 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Sel og rúst | Sel og gerði | 2 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Varðveislugildi | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | -1850 | Hátt | Hátt | Já |

| Skrásetjari | Dags. | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 24.10.1997 | Nei | Nei | - |

**Lega og staðhættir**

Á sléttum grundum (Selflötum), ca. 250 m ANA frá grafningsrétt. Skammt frá rústunum til austurs, eru uppsprettur miklar.
Í gömlu túni.

**Heimildir og munnmæli**

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifakönnun á línustæði Búrfellslínu 3A.* Vegna mats á umhverfisáhrifum. Fornleifafræðistofan 1997.
Örnefnaskrá. Úlfljótsvatn. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

**Lýsing**

**Sel og rúst.**

*1) Sel.*

17 x 25 m (A - V). Veggir úr torfi (og grjóti), 1,5 - 3 m breiðir og 0,2 - 0,8 m háir. Fjöldi hólfa er ekki á hreinu en þau virðast allavega vera sex (A - F). Dyr eru ekki greinanlegar á þeim nema ef vera skyldi í hólfum A, C og F.
Við rústina eru sennilega eldri rústabrot, sbr. teikningu. Hún er nokkuð ógreinileg í laginu vegna hruns, vel gróin grasi.
Um 10 m suður af selinu er:

*2) Rúst (gerði?).*

Mjög óljós ummerki um rúst er á þessu svæði. Ekki verður skorið úr um hvort þetta sé rúst, a.m.k. ekki án rannsóknar.

Fornleið nr. 43 liggur í tveimur rásum við selið. Önnur stefnir á rústirnar en hin liggur aðeins nokkra metra suður af rústunum.
Fornleið nr. 44 hefur trúlega legið frá rústunum til norðurs að Villingavatni. Þær má reyndar grilla í um 60 - 70 m vestur af selinu. Þessi leið er líklega sama leið og leið nr. 58.

Teikning/ljósmynd




Ljósmynd



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus mju 300 |

**Athugasemdir**

Rústirnar eru miklar um sig og gætu vel hafa verið hjáleiga á einhverju tímabili. Þær standa ofan á eldri rústum. Selið var fyrst skráð 24.10.'97. Þá vantaði lýsingu. GPS mæling var endurtekin þann 19.08.'05. Lýsing og teikning var gerð 1/9 '05. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

# Fornleifaskrá Úlfljótsvatns í Grafningi

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Grafningshreppur | 8715 | 2 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Úlfljótsvatn | | Selflatir | 2 |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|---|
| | N 64°04.534 W 021°05.010 | WGS 84 | | 5 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Rúst | | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði |
|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | -1850 |

| Varðveislugildi | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|
| Talsvert | Talsvert | Nei |

| Skrásetjari | Dags. |
|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 1.9.2005 |

| Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|
| Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Á sléttum grundum (Selflötum), ca. 250 m ANA frá grafningsrétt. Skammt frá rústunum til austurs, eru uppsprettur miklar. Um 4 m norður af læk og um 25 m austur af rúst 1 (selinu).
Í túni/móa.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**
4 x 7 m (NNA - SSV). Veggir úr torfi (og grjóti), um 1 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,3 m háir. Dyr snúa mót suðri.
Austur hlið rústarinnar er dálítið skorin inn í lágan hól.
Rústin er vel gróin grasi og mosa.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus mju 300 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

# Fornleifaskrá Úlfljótsvatns í Grafningi

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Grafningshreppur | 8715 | 2 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Úlfljótsvatn | | Selflatir | 1-2 |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|---|
| | N 64°04.534 W 021°05.045 | WGS 84 | | 5 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Selstaða | | 3 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Varðveislugildi | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | -1850 | Hátt | Hátt | Já |

| Skrásetjari | Dags. | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 1.9.2005 | Nei | Nei | - |

*Lega og staðhættir*

Á sléttum grundum (Selflötum), ca. 250 m ANA frá grafningsrétt. Skammt frá rústunum til austurs, eru uppsprettur miklar.
Í gömlu túni.

*Heimildir og munnmæli*


Bjarni F. Einarsson. *Fornleifakönnun á línustæði Búrfellslínu 3A.* Vegna mats á umhverfisáhrifum. Fornleifafræðistofan 1997.
*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Annað bindi. Kaupmannahöfn 1918-1921.
*Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar hins ísl. bókmenntafélags.* Reykjavík 1979.
Örnefnaskrá. Úlfljótsvatn. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.


*Lýsing*

**Selstaða.**
„Selflatir heita stórir vellir fyrir vestan Fossárgljúfrin. Austan við Selflatirnar hefir Fossáin upptök sín. Þar var haft í seli frá Úlfljótsvatni fram í kringum aldamótin 1800. Sést enn glöggt, hvar selið hefir verið. 1910 voru settar lögréttir fyrir Grafningshrepp á Selflötum.“
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir stutt og lagott: „Selstaða er í eigin landi.“ (Jarðabók 1918-1921:379).

Í Sýslu- og sóknalýsingu segir um selstöðu almennt í sveitinni: „Enginn veit, nær þær eru niður lagðar, en margar eru þær so nærri, að litlum hagamun sýnist numið geta. Ein var samt tekin upp í fyrra frá Ölvesvatni og aftur brúkuð í sumar; mun það því ekki hafa skaði þókt.“ (Sýslu- og sóknalýsingar 1979:182). Þetta er skrifað 1840.

*Teikning/ljósmynd*

*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus mju 300 |

*Athugasemdir*

Rústirnar eru miklar um sig og gætu vel hafa verið hjáleiga á einhverju tímabili. Þær standa ofan á eldri rústum. Selið var fyrst skráð 24.10.’97. Þá vantaði lýsingu. GPS mæling var endurtekin þann 19.08.’05. Lýsingar og teikningar voru gerðar 1/9 ’05. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústanna þarf að rannsaka þær með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

# Fornleifaskrá Úlfljótsvatns í Grafningi

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Grafningshreppur | 8715 | 4 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Úlfljótsvatn | | Úlfljótsvatnshjáleiga? | 1 |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|---|
| | N 64°05.819 W 021°02.962 | WGS 84 | | 6 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Rúst | Eyðibýli | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði |
|---|---|---|---|---|
| Ábúð | Talsverð | Sléttað | 1550-1900 | |

| Varðveislugildi | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|
| Talsvert | Talsvert | Nei |

| Skrásetjari | Dags. |
|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 16.08.2005 |

| Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|
| Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Hugsanlega á þeim stað sem sjá má á túnakorti, syðst á túninu.

*Heimildir og munnmæli*


*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Annað bindi. Kaupmannahöfn 1918-1921:383.
*Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar hins ísl. bókmenntafélags.* Reykjavík 1979:186.
*Sunnlenskar byggðir III.* Selfoss 1983:267.
Túnakort 1918. Úlfljótsvatn. Handrit. Þjóðskjalasafn Íslands.
Örnefnaskrá. Úlfljótsvatn. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.


*Lýsing*

**Rúst.**
Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Úlfljótsvatnshjáleiga. Gömul fremur en menn minnast (1918-1921:383).
Í Árnessýslu, Sýslu- og sóknarlýsingu segir: „Úlfljótsvatnskot í túninu á Úlfljótsvatni, var byggt í manna minnum, en er nú lagt undir heimajörðina.“ (Árnessýsla 1979:186).
Hugsanlega eru minjar á svæði allt að 50 m neðan við GPS mælinguna (jafnvel lengra).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus mju 300 |

*Athugasemdir*

Áður skráð sem nr. ÁR-479:004 (FSÍ). Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

# Fornleifaskrá Úlfljótsvatns í Grafningi

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Grafningshreppur | 8715 | **5** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Úlfljótsvatn | | Kothús (Gata?) | **1** |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|---|
| | N 64°05.804 W 021°03.010 | WGS 84 | | 5 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Rúst | Eyðibýli | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði |
|---|---|---|---|---|
| Ábúð | Talsverð | Sléttað | 1550-1900 | |

| Varðveislugildi | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|
| Talsvert | Talsvert | Nei |

| Skrásetjari | Dags. |
|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 16.08.2005 |

| Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|
| Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Rétt sunnan við tún Úlfljótsvatns, vestur af skátabústöðum.

*Heimildir og munnmæli*

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Annað bindi. Kaupmannahöfn 1918-1921:383.

Örnefnaskrá. Úlfljótsvatn. Handrit 1944. Örnefnastofnun Íslands.

*Lýsing*

**Rúst.**

Í Örnefnaskrá er sagt svo um Kothús:

„Kottún (Hjáleigutún) heitir syðsti hluti Framtúnsins. Fjárhús eru nú, þar sem kotið var, og eru þau kölluð Kothúsin.“

Um Götu segir í Örnefnaskrá:

„Nokkru ofar [en Kofragerði], lengra frá vatninu, var hjáleigan Gata. Hennar er getið í Jarðabók Árna Magnússonar, en þær tóftir hafa verið sléttaðar, og sést nú ekkert fyrir þeim.“

Ekki er víst hvort hér séu í raun rústir Kothúsa, það er tilgáta ein. Rannsókn þarf til að skera úr um það.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus mju 300 |

*Athugasemdir*

Áður skráð sem nr. ÁR-479:006 (FSÍ). Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

# Fornleifaskrá Úlfljótsvatns í Grafningi

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Grafningshreppur | 8715 | **6** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Úlfljótsvatn | | Kofragerði? | **1** |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|---|
| | N 64°05.866 W 021°02.789 | WGS 84 | | 6 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Rúst | Eyðibýli | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Varðveislugildi | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ábúð | Talsverð | Sléttað | 1550-1900 | | Talsvert | Talsvert | Nei |

| Skrásetjari | Dags. | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 16.08.2005 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Alveg niður við vatnið á túni bæjarins að suðaustan.

*Heimildir og munnmæli*

Örnefnaskrá. Úlfljótsvatn. Handrit 1944. Örnefnastofnun Íslands.

*Lýsing*

**Rúst.**

Í Örnefnaskrá segir svo um Kofragerði:
„Kofragerði heita ógreinilegar tóftarleifar niður á vatnsbakkanum, neðst á Framtúninu.“
Staðsetningin hér er tilgáta. Rannsókn myndi skera úr um þetta.

*Teikning/ljósmynd*

*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus mju 300 |

*Athugasemdir*

Áður skráð sem nr. ÁR-479:006 (FSÍ). Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

# Fornleifaskrá Úlfljótsvatns í Grafningi

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Grafningshreppur | 8715 | 7 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Úlfljótsvatn | | Kirkjuklif | 1 |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|---|
| | N 64°06.047 W 021°03.089 | WGS 84 | | 7 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Fornleið | Þjóðleið | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði |
|---|---|---|---|---|
| Vegagerð | Talsverð | Lélegt | 1550-1900 | |

| Varðveislugildi | Minjagildi | Merkja? |
|---|---|---|
| Lítið | Lítið | Nei |

| Skrásetjari | Dags. |
|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 16.08.2005 |

| Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|
| Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Leiðin liggur rétt ofan við kirkjuna og neðan við núverandi malarveg og upp á hálsinn.

*Heimildir og munnmæli*

Örnefnaskrá. Úlfljótsvatn. Handrit 1944. Örnefnastofnun Íslands.

*Lýsing*

**Fornleið.**

„Kirkjuklif heitir brekkan, þar sem gatan liggur upp frá bænum upp á þjóðveginn.“ (Örnefnaskrá). Leiðin er um 2 - 3 m breið þar sem hún fer upp klifið (gæti verið sjálf þjóðleiðin).

Fornleiðin er nær örugglega sama leið og nr. 37.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus mju 300 |

*Athugasemdir*

Mælt er með því að fornleiðin verði nákvæmlega mæld inn í hnitakerfi landsins (GPS).

# Fornleifaskrá Úlfljótsvatns í Grafningi

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Árnessýsla | Grafningshreppur | 8715 | 8 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Úlfljótsvatn | | | 1 |

| Staðfræðikort | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y. sjó | Skekkja |
|---|---|---|---|---|
| | N 64°05.619 W 021°01.759 | WGS 84 | | 6 |

| Tegund minja | Tilgáta | Fjöldi |
|---|---|---|
| Fornleið | Þjóðleið | 1 |

